

Viðbragðsáætlun Stóru-Vogaskóla í eineltismálum

Tilkynningareyðublað um einelti er á heimasíðu skólans www.storuvogaskoli.is Foreldri fyrir hönd barns síns eða starfsfólk skólans sem fær upplýsingar um eineltishegðun eða verður var við slíka hegðun getur fyllt út eyðublaðið

Tilkynningareyðublaðið skal berast skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra.

Ferli í úrvinnslu eineltismála þegar tilkynning um einelti eða stríðni berst:

1. Eineltisteymi Stóru-Vogaskóla kemur saman og gerir verkáætlun. Íhlutun byggist á eðli og umfangi tilkynningarinnar og alvarleika hegðunarinnar sem lýst er.
2. Aflað er frekari gagna/upplýsinga t.d. frá umsjónarkennara og öðrum sem geta gefið upplýsingar um málið.
3. Samband er haft við foreldra meints geranda og aðra sem nefndir eru í eineltistilkynningunni. Þeir verða upplýstir um efni hennar og þeim boðið viðtal. Leitað verður frekari upplýsinga hjá aðilum og hlustað á þeirra sjónarmið.
4. Teknar eru ákvarðanir um aðgerðir sem tryggja öryggi tilkynnanda. Skólaliðar og annað starfsfólk er beðið um að fylgjast með málsaðilum í frímínútum, á göngum og í matsal ef þörf þykir.
5. Teymið, í samráði við foreldra beggja aðila, leggur mat á frekari íhlutun/innígrip.

Aðgerðir taka mið af:

- a) Börnum sem hlut eiga að máli, aldri og kynnum af þeim.
- b) Alvarleika kvörtunarinnar.
- c) Hvort um sé að ræða nýtt mál.

Valdar verða leiðir sem eru minnst íþyngjandi miðað við alvarleika kvörtunarinnar. Í minna alvarlegum málum:

- a) Foreldrar tali við barn/börn sín, kennari eða námsráðgjafi ræði við börnin.
- b) Fylgst verður með hegðun barnanna í skólastofunni og öðrum skólaaðstæðum.
- c) Skólinn og foreldrar hafa samráð um hvaða leiðir skulu farnar ef vísbendingar eru um að gamalt mál sé að taka sig upp.
- d) Heimili og skóli skerpi á einstaka samskiptaþáttum við börnin á heimili og í skóla.

Úrvinnsla eineltismála

Í úrvinnslunni felst að hitta málsaðila og foreldra þeirra eins oft og nauðsyn krefst. Komið verður á eftirliti samhliða úrvinnslu málsins.

Umsjónarkennari fylgist með framvindu málsins og veitir hegðun og framkomu umræddra barna sérstaka athygli. Eftirfylgni er haldið áfram óháð því hvort talið sé að eineltið hafi stöðvast.

Leitað verði að undirliggjandi orsakaþáttum hjá geranda til að tryggja að hann láti af hegðuninni til framtíðar.

Markmið úrvinnslunnar er a.m.k. fjórþætt:

- a) Að upplýsa málið
- b) Stöðva eineltið
- c) Styrkja þolanda og veita honum viðeigandi aðstoð
- d) Leita orsaka hjá geranda, vinna með vanda hans og aðstæður

Í erfiðari málum er:

- a) Haldið áfram með úrvinnsluna eins lengi og þörf þykir
- b) Rætt við aðra nemendur og vitni
- c) Markvissari eftirfylgd og eftirlit með aðilum
- d) Líðan þolanda könnuð daglega
- e) Rætt við geranda (gerendur) daglega
- f) Lagt mat á hvort leita þurfi utanaðkomandi sérfræðiaðstoðar

Samhliða úrvinnslu huga skóli og foreldrar í sameiningu að öðrum þáttum s.s. hvernig forvörnum er háttað í skólanum og á heimilinu og hvort samstarf skóla og heimilis er fullnægjandi.

Máli lýkur með formlegum hætti.

Skipulögð er eftirfylgni og eftirlit í samráði við foreldra. Bekknum er veittur viðeigandi stuðningur.

Viðbragðsáætlunin er endurskoðuð reglulega og endurbætt í samræmi við reynslu af fyrri eineltismálum

Skólastjóri